

FORSETABRÉF

um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 105. löggjafarþingi, hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33, 17. júní 1944, þar sem samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga af nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 23. apríl 1983. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, laugardaginn 23. apríl 1983.

Hér með veiti ég forsætisráðherra umboð til þess að slíta Alþingi, 105. löggjafarþingi, mánudaginn 14. þessa mánaðar.

Gjört að Bessastöðum, 14. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Gunnar Thoroddsen.

16. mars 1983

Nr. 23

LÖG

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

42. gr. laganna f-liður hljóði þannig:

Fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna.

Fyrrum f-liður verður g-liður og aðrir staflíðir færast aftur samkv. því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 16. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Ingvar Gíslason.